

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Frsm. Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

Í stað orðanna „fjárlagatillögur skulu sundurliðaðar“ í 3. málsli. 1. mgr. komi: fjárhagsáætlun skal sundurliðuð.

Í stað orðsins „maí“ í 2. málsli. 1. mgr. komi: ágúst.

Í stað orðsins „júní“ í 2. mgr. komi: september.

Í stað orðanna fyrir „20. september ár hvert“ í 4. mgr. komi: tveimur vikum fyrir kirkjuþing að hausti.

2. gr.

Við 11. grein starfsreglnanna bætast við eftirfarandi fimm mgr. svohljóðandi:

Sá, sem skráða prókúru hefur f.h. Þjóðkirkjunnar, getur skuldbundið hana fjárhagslega með samningum. Gildir þetta m.a. um ráðningarsamninga Þjóðkirkjunnar við starfsfólk, leigusamninga hvers konar, samninga við sérfræðinga, verktaka og aðra þjónustusamninga.

Prókúruhafi ákvarðar launasetningar starfsmanna þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar, breytingar á launum og fjárhagslegum starfskjörum öðrum. Einnig samþykkir prókúruhafi fyrirfram ráðningar til biskupsstofu, svo og ráðningar presta, þ.m.t. tímabundnar ráðningar. Hinu sama gegnir um tilfærslur í starfi hvort sem er á þjónustumiðstöð eða á grundvelli starfsreglna um ráðningu presta.

Prókúruhafi getur veitt tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar úttektarheimildir hjá birgjum og þjónustuveitendum svo og heimilað að tilteknir starfsmenn hafi skilgreindar heimildir til að stofna til útgjalda í þágu Þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022 er gert ráð fyrir að gerð fjárhagsáætlunar næsta árs hefjist í maí og verði tilbúin 20. september. Í framkvæmd hefur það reynst nokkrum örðugleikum bundið að framfylgja þessum reglum þar sem óvissa ríkir um marga þætti áætlunarinnar svo snemma árs. Endanleg fjárhæð framlags ríkisins, skv. viðbótarsamningi ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019, er ekki ljós fyrir en eftir framlagningu frumvarps til fjárlaga á Alþingi en það frumvarp er jafnan afgreitt síðla árs.

Verkframvinda framkvæmda við fasteignir Þjóðkirkjunnar er oft óljós og því erfitt að áætla hvaða verkefnum tekst að ljúka á yfirstandandi ári og hvað þarf að færa yfir á næsta ár, auk fleiri óvissuþátta sem skýrast eftir því sem lengra líður á árið.

Almennt hefja fyrirtæki og stofnanir gerð fjárhagsáætlunar á haustmánuðum og er hér verið að færa gerð fjárhagsáætlunar Þjóðkirkjunnar í svipaðan farveg og almennt tíðkast. Því er í tillögu þessari lagt til að fjárhagsáætlanagerðin færist yfir á haustið. Endanleg tillaga fjárhagsáætlunar verði ekki bundin við ákveðna dagsetningu en miðist þess í stað við tvær vikur fyrir kirkjuþing að hausti. Því nær kirkjuþingi sem lokatillaga fjárhagsáætlunar er tilbúin, því raunhæfari verður hún.

Í 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir:

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfjárvald, nema lög kveði á um annað.

Að mati flutningsmanna verða ábyrgð og vald á ráðstöfun fjármuna að fara saman við það umboð, sem einungis kirkjuþing getur veitt. Það er því eðlilegt að þeir aðilar, sem kirkjuþing skilgreinir, hafi einir heimild til að skrifa undir skjöl og taka ákvarðanir sem skuldbinda Þjóðkirkjuna fjárhagslega. Með setningu starfsreglna um fjármál þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022, sem öðluðust gildi 1. janúar 2022 er, samkvæmt 13. gr. starfsreglnanna, óheimilt að skuldbinda Þjóðkirkjuna, kt. 460169 – 6909, fjárhagslega, öðru vísi en svo að skráður prókúruhafi heimili það með undirritun sinni á þá samninga eða skjöl sem fela í sér skuldbindingar um útgjöld. Ákvæði 2. gr. tillagna þessara er ætlað að gera það enn skýrara.

Sérstaklega er minnst á ráðningarsamninga en þar sem laun starfsfólks er stærsti hluti þeirra fjárhæðar sem Þjóðkirkjan greiðir þykir rétt að ákvarðanir í sambandi við kjör starfsfólks séu á hendi rekstrarstofu, sem hefur skýra umgjörð um meðferð og þróun starfsmannakostnaðar í launaáætlun ársins. Áfram verður samráð milli biskupsstofu og rekstrarstofu um ráðningar starfsfólks enda segir í 2. mgr. 4. gr. starfsreglna um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar:

„Biskup Íslands auglýsir laus störf og annast ráðningarmál starfsfólks hjá þjónustumiðstöðinni. Sé um starf á rekstrarsviði að ræða þá er ákvörðun um ráðninguna á höndum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Gagnkvæmt samráð sé viðhaft við ráðningu starfsfólks eftir því sem við á.“

Áfram verða önnur mannauðsmál eins og starfsþróun starfsfólks, aðbúnaður á vinnustað, endurmenntun og önnur málefni er varða starfsfólk á forræði biskupsstofu. Þó gilda sérreglur um starfsfólk á rekstrarstofu, en þar fer framkvæmdastjóri rekstrarstofu með þau mannauðsmál hvað varðar það starfsfólk.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að gerð fjárhagsáætlunar vegna næsta almanaksárs hefjist í ágúst í stað maí. Aðrar tímasetningar áætlunargerðar breytist í samræmi við það.

Lagt er til að rekstrarstofa þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar skuli að jafnaði ganga frá endanlegri tillögu að fjárhagsáætlun vegna næsta árs, tveimur vikum fyrir kirkjuþing að hausti og skuli þær þá birtar í samráðsgátt kirkjunnar.

Um 2. gr.

Með breytingartillögu þessari er lagt til að skýrar sé kveðið á um fjárstjórn Þjóðkirkjunnar en nú er. Lögð er áhersla á að prókúruhafi geti einn samþykkt launasetningar starfsmanna Þjóðkirkjunnar og breytingar á launum og fjárhagslegum starfskjörum öðrum. Þar sem launakostnaður er meginhluti þeirra fjármuna sem Þjóðkirkjan hefur til umræða ár hvert er nauðsynlegt að vel sé haldið utan um kaup og kjör og tækifæri til hagræðingar nýtt, ef þau gefast svo og þess gætt að ekki sé farið fram úr ákvörðunum kirkjuþings varðandi launagreiðslur eða önnur hlunnindi. Biskup mun áfram ráða presta til starfa samkvæmt starfsreglum þar um og starfsfólk á biskupsstofu. Þó er talið rétt að prókúruhafi samþykki fyrirfram þær ráðningar svo og launasetningar starfsmanna biskupsstofu og breytingar þar á. Laun presta eru nú ákvörðuð í kjarasamningi Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands og laun biskupa eru samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

Prókúruhafi getur veitt tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar úttektarheimildir hjá birgjum og þjónustuveitendum svo og heimilað að tilteknir starfsmenn hafi skilgreindar heimildir til að stofna til útgjalda í þágu Þjóðkirkjunnar. Þetta auðveldar yfirsýn yfir þá sem hafa heimildir til innkaupa fyrir hönd Þjóðkirkjunnar.

Um 3. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar taki gildi við birtingu.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt tillagna þessara.